

Persónuverndarreglur Lífeyrissjóðs Vestmanneyja

Samþykkt á stjórnarfundum 27/06/2018



Efnisyfirlit

Persónuverndarreglur Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja.....	3
1. Tilgangur og lagaskylda.....	3
2. Hvað eru persónuupplýsingar ?.....	3
3. Persónuupplýsingar sem Lífeyrissjóður Vestmanneyja safnar og vinnur.....	3
3.1. Vegna lífeyrisþega	3
3.2. Vegna iðgjaldagreiðenda	4
3.3. Vegna starfsmanna/ráðningar.....	4
Hvers vegna er persónuupplýsingum safnað og á hvaða grundvelli?	5
Varðveisla á persónuupplýsingum	5
4. Miðlun til þriðju aðila	5
5. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?	5
6. Breytingar og leiðréttingar á persónuupplýsingum.....	6
7. Aðgangur sjóðfélaga að persónuupplýsingum sínum	6
8. Réttur til eyðingar og takmörkunar á vinnslu.....	6
9. Réttur til gagnaflutninga og andmæla.....	6
10. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar	7
11. Samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa	7
12. Endurskoðun.....	7

Persónuverndarreglur Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja.

Lífeyrissjóður Vestmanneyja hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sjóðfélaga sjóðsins. Persónuverndarreglum þessum er ætlað að upplýsa sjóðfélaga um hvaða persónuupplýsingar sjóðurinn safnar, með hvaða hætti slíkar persónuupplýsingar eru nýttar og hverjir fá aðgang að upplýsingunum.

1. Tilgangur og lagaskylda

Sjóðurinn leitast við að uppfylla í hvívetna þá persónuverndarlöggjöf sem er í gildi hverju sinni og eru reglur þessar byggðar á lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

2. Hvað eru persónuupplýsingar ?

Persónuupplýsingar í skilningi reglna þessa eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Gögn sem eru ópersónugreinanleg teljast ekki persónuupplýsingar.

3. Persónuupplýsingar sem Lífeyrissjóður Vestmanneyja safnar og vinnur

3.1. Vegna lífeyrisþega

Sjóðurinn safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar um lífeyrisþega sína. Ólíkum persónuupplýsingum kann að vera safnað um ólíka lífeyrisþega og kann vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum að fara eftir eðli viðfangsefnis hverju sinni.

Eftirfarandi eru dæmi um upplýsingar sem sjóðurinn safnar um lífeyrisþega sína:

- samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang;
- upplýsingar um bankareikning;
- upplýsingar um skattþrep og nýtingu persónuafsláttar;
- læknisvottorð (vegna örorkuumsókna).
- upplýsingar um starfsferil (vegna örorkuumsókna).
- dánarvottorð, hjúskaparvottorð eða yfirlit um framvindu skipta (vegna makalífeyrisumsókna); og fæðingarvottorð barna (vegna makalífeyrisumsókna);

Auk framangreindra upplýsinga, kann sjóðurinn einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem lífeyrisþegar láta sjóðnum sjálfir í té sem og upplýsingar sem eru sjóðnum nauðsynlegar vegna starfsemi hans.

Að meginstefnu til aftar sjóðurinn persónuupplýsinga beint frá lífeyrisþegum. Í þeim tilvikum þar sem að persónuupplýsinga er aflað frá þriðja aðila mun sjóðurinn leitast við að upplýsa sjóðfélaga um slíkt. Vegna umsókna um örorkulífeyri er upplýsingum aflað frá trúnaðarlækni.

Öll vinnsla sjóðsins á persónuupplýsingum skal vera í samræmi við persónuverndarlöggjöf, þar á meðal 8. og 9. gr. persónuverndarlaga.

Sjóðurinn skuldbindur sig til þess að öll vinnsla á persónuupplýsingum um sjóðfélaga sé lögleg, sanngjörn og gagnsæ. Upplýsingum verði aðeins safnað í tilteknum, sérstökum og lögmætum tilgangi og að söfnun og vinnsla gangi ekki lengra en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar. Vinnsla skal í öllum tilvikum vera nægileg, viðeigandi og takmörkuð við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

3.2. Vegna iðgjaldagreiðenda

Sjóðurinn safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar um sjóðfélaga sína. Ólíkum persónuupplýsingum kann að vera safnað um ólíka sjóðfélaga og kann vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum að fara eftir eðli viðfangsefnis hverju sinni.

Eftirfarandi eru dæmi um upplýsingar sem sjóðurinn safnar um sjóðfélaga sína:

- samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang;
- upplýsingar um iðgjald launþega;
- upplýsingar um mótframlag launagreiðanda.
- upplýsingar um endurhæfingarsjóð
- upplýsingar um bankareikning.

Auk framangreindra upplýsinga, kann sjóðurinn einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem sjóðfélagar láta sjóðnum sjálfir í té sem og upplýsingar sem eru sjóðnum nauðsynlegar vegna starfsemi hans.

Að meginstefnu til aflar sjóðurinn persónuupplýsingum beint frá sjóðfélögum og launagreiðendum. Í þeim tilvikum þar sem að persónuupplýsinga er aflað frá öðrum þriðju aðilum mun sjóðurinn leitast við að upplýsa sjóðfélaga um slíkt.

3.3. Vegna starfsmanna/ráðningar

Sjóðurinn safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar vegna starfsmanna sinna. Ólíkum persónuupplýsingum kann að vera safnað um ólíka starfsmenn og kann vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum að fara eftir eðli viðfangsefnis hverju sinni.

Eftirfarandi eru dæmi um upplýsingar sem sjóðurinn safnar um starfsmenn sína:

- nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang;
- mánaðarlaun (greiðslutímabil launa, orlofsréttur)
- lífeyrissjóður
- stéttafélagsupplýsingar;
- sakavottorð/læknisvottorð
- tengiliðir
- árangurstengdar mælingar og frammistöðumöt
- aðrar trúnaðarupplýsingar

Auk framangreindra upplýsinga, kann sjóðurinn einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem starfsmenn láta sjóðnum sjálfir í té sem og upplýsingar sem eru sjóðnum nauðsynlegar vegna ráðningar hans.

Að meginstefnu til, aflar sjóðurinn persónuupplýsingum beint frá umsækjendum. Í þeim tilvikum þar sem að persónuupplýsinga er aflað frá öðrum þriðju aðilum mun sjóðurinn leitast við að upplýsa um slíkt.

Hvers vegna er persónuupplýsingum safnað og á hvaða grundvelli?

Sjóðurinn safnar persónuupplýsingum um sjóðfélaga fyrst og fremst til að geta uppfyllt skyldur sínar á grundvelli heimildar/skyldu í lögum, kjarasamningi eða á grundvelli lögmætra hagsmuna sjóðsins. Dæmi um vinnslur persónuupplýsinga eru; greiðslur iðgjalda til sjóðsins og skráning þeirra í réttindakerfi hans; umsóknir um lífeyri og útgreiðsla lífeyris.

Í þeim tilvikum þar sem að söfnun og vinnsla persónuupplýsinga krefst samþykkis sjóðfélaga, er sjóðfélaga ávallt heimilt að afturkalla slíkt samþykki sitt. Öll samskipti í tengslum við slíka afturköllun eða breytingu á innihaldi samþykkis skal beina til persónuverndarfulltrúa sjóðsins.

Öll vinnsla sjóðsins á persónuupplýsingum skal vera í samræmi við persónuverndarlöggjöf, þar á meðal 8. og 9. gr. persónuverndarlaga.

Sjóðurinn skuldbindur sig til þess að öll vinnsla á persónuupplýsingum um sjóðfélaga sé lögleg, sanngjörn og gagnsæ. Upplýsingum verði aðeins safnað í tilteknum, sérstökum og lögmætum tilgangi og að söfnun og vinnsla gangi ekki lengra en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar.

Vinnsla skal í öllum tilvikum vera nægileg, viðeigandi og takmörkuð við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

Varðveisla á persónuupplýsingum

Sjóðurinn mun leitast við að varðveita aðeins persónuupplýsingar eins lengi og þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar, nema annað sé heimilt eða skylt samkvæmt lögum. Varðveislutími persónuupplýsinga er afmarkaður nánar í reglum sjóðsins um varðveislutíma.

4. Miðlun til þriðju aðila

Sjóðurinn kann að miðla persónuupplýsingum um sjóðfélaga til þriðju aðila sem veita upplýsingatæknipjónustu og aðra þjónustu sem tengist vinnslu og er hluti af rekstri sjóðsins. Þriðju aðilar sem veita okkur þjónustu samkvæmt framansögðu gætu verið staðsettir utan Íslands. Sjóðurinn mun ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar, s.s. á grundvelli staðlaðra samningsskilmála, samþykki þíns eða auglýsingar Persónuverndar um ríki sem veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

Komi til flutnings persónuupplýsinga sjóðfélaga utan Evrópska efnahagssvæðisins mun sjóðurinn upplýsa sjóðfélaga um slíkan flutning. Einnig kann persónuupplýsingum að vera miðlað til annarra lífeyrissjóða vegna vinnslu umsókna skv. samkomulagi sjóðanna þar um. Að lokum gætu persónuupplýsingar um þig verið afhentar að því marki sem heimilað er eða krafist er á grundvelli viðeigandi laga eða reglna, s.s. til skattyfirvalda. Einnig kann persónuupplýsingum þínum að vera miðlað til þriðja aðila til að bregðast við löglegum aðgerðum eins og húsleitum, stefnum eða dómsúrskurði. Afhending getur einnig verið nauðsynleg í neyðarástandi.

5. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Sjóðurinn leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra öryggisráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sértöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að

koma í veg fyrir óleyfilegan aðgang að kerfum sjóðsins þar sem persónuupplýsingar eru geymdar og þar með vernda þær gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegri afritun, notkun eða miðlun þeirra.

6. Breytingar og leiðréttingar á persónuupplýsingum

Það er mikilvægt að þær persónuupplýsingar sem varðveittar eru um sjóðfélaga séu bæði réttar og viðeigandi. Því er mikilvægt að þú tilkynnir sjóðnum um allar breytingar sem kunna að verða á persónuupplýsingum þínum.

Sjóðfélagar eiga rétt á því að óáreiðanlegar persónuupplýsingar er þá varða séu leiðréttar. Að teknu tilliti til tilgangs vinnslu persónuupplýsinga skal sjóðfélagi eiga rétt á að láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar um hann, þ.m.t. með því að leggja fram frekari upplýsingar. Öllum óskum um uppfærslur skal beint til persónuverndarfulltrúa sjóðsins.

7. Aðgangur sjóðfélaga að persónuupplýsingum sínum

Sjóðfélagar eiga rétt á að fá staðfest hvort sjóðurinn vinni upplýsingar um þá, og ef svo er að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem og upplýsingar um vinnsluna. Þá kann sjóðfélagi einnig að eiga rétt að fá afrit af persónuupplýsingunum.

Aðgangur sjóðfélaga að persónuupplýsingum sem sjóðurinn varðveitir um þá er hins vegar ekki fortakslaus. Þannig kunna lög eða reglugerðir, sem og réttindi annarra, að heimila eða skylda sjóðinn til að hafna ósk um aðgang að persónuupplýsingum.

Ef upp koma aðstæður þar sem sjóðurinn getur ekki veitt sjóðfélaga aðgang að persónuupplýsingum, mun sjóðurinn leitast við að útskýra hvers vegna beiðni hans hefur verið hafnað, þó með tilliti til takmarkana á grundvelli lagaskyldu.

Öllum aðgangsbeiðnum skal beint til persónuverndarfulltrúa sjóðsins, sem getur einnig veitt þér frekari upplýsingar um rétt viðkomandi.

8. Réttur til eyðingar og takmörkunar á vinnslu

Við ákveðnar aðstæður kann sjóðfélagi að hafa heimild til að óska eftir því að persónuupplýsingum um hann verði eytt án tafar, til að mynda þegar varðveisla upplýsinganna er ekki lengur nauðsynleg miðað við tilgang vinnslunnar eða vegna þess að sjóðfélaginn hefur afturkallað samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinganna og engin önnur heimild liggur til grundvallar henni.

Réttur sjóðfélaga til eyðingar persónuupplýsinga er hins vegar ekki fortakslaus. Þannig kunna lög eða reglugerðir að heimila eða skylda sjóðinn til að hafna ósk um eyðingu persónuupplýsinga.

Sjóðfélagi kann einnig að vera heimilt að óska eftir að vinnsla persónuupplýsinga um hann verði takmörkuð við ákveðnar aðstæður, t.d. ef vinnslan er ólögmat og sjóðfélaginn vill frekar takmarka vinnsluna en að persónuupplýsingum sé eytt, eða ef varðveislun er ekki lengur nauðsynleg miðað við tilgang vinnslunnar en sjóðfélaginn vill engu að síður að upplýsingarnar séu áfram varðveittar til þess að að hægt sé að höfða mál eða verjast málsókn. Öllum óskum um eyðingu og/eða takmörkun vinnslu skal beint til persónuverndarfulltrúa sjóðsins, sem getur einnig veitt þér frekari upplýsingar um.

9. Réttur til gagnaflutninga og andmæla

Fari vinnsla persónuupplýsinga fram með sjálfvirkum hætti kunna sjóðfélagar að eiga rétt á að fá þær persónuupplýsingar sem þeir hafa afhent sjóðnum og varða þá sjálfa og unnar eru á

grundvelli samþykkis sjóðfélagans eða samnings hans og sjóðsins, á skiljanlegu og aðgengilegu formi. Sjóðfélagar kunna einnig að hafa rétt á því að sjóðurinn miðli þessum gögnum áfram til þriðja aðila.

Sé vinnsla á persónuupplýsingum sjóðfélaga byggð á lögmætum hagsmunum sjóðsins á sjóðfélagi einnig rétt á að mótmæla þeirri vinnslu.

10. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Ef sjóðfélagar hafa einhverjar spurningar vegna persónuverndarreglna þessara eða hvernig persónuupplýsingar um þá eru unnar að öðru leyti, skulu þeir hafa samband við persónuverndarfulltrúa sjóðsins sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina sjóðfélögum um réttindi þeirra samkvæmt persónuverndarreglum þessum.

Ef sjóðfélagi er ósáttur við vinnslu sjóðsins á persónuupplýsingum hans getur hann sent erindi til Persónuverndar.

11. Samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa

Sjóðurinn hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa til að hafa umsjón með eftirfylgni þessarar persónuverndarreglna. Hér fyrir neðan má finna samskiptaupplýsingar hans:

Sigurður Ingi Ingason
siggi@lsv.is

Samskiptaupplýsingar Lífeyrissjóðs Vestmanneyja

kt. 580572-0229
Skólavegi 2
900 Vestmanneyja

12. Endurskoðun

Sjóðurinn getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarreglum þessum í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig sjóðurinn vinnur með persónuupplýsingar. Verði gerðar breytingar á persónuverndarreglum þessum verður sjóðfélögum tilkynnt um það á vef sjóðsins þar sem verður að finna hlekk á uppfærða útgáfu af reglunum.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á reglunum taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið kynnt.

Þessar persónuverndarreglur voru samþykktar af stjórn Lífeyrissjóðs Vestmanneyja þann 27/06/2018: